



## Reglur um leikskóla í Árborg

### Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í leikskóla Árborgar og um gjaldtöku og innheimtu fyrir leikskóladvöl. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

### 1. Innritun – Opnunartími

#### a) Innritun

Sveitarfélagið Árborg starfrækir leikskóla en nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni [www.arborg.is](http://www.arborg.is).

Umsókn um leikskóla fer fram í gegnum þjónustuvefinn Mín Árborg. Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um leikskóladvöl í þjónustuveri í Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, sími: 480-1900.

Miðað er við að börn geti hafið leikskóladvöl á því ári sem þau verða tveggja ára. Sækja má um leikskóla strax og kennitala barns hefur verið skráð.

Foreldrar geta sótt um fleiri en einn leikskóla fyrir barn sitt. Þegar sótt hefur verið um leikskóladvöl fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin. Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst, sjá þó í gr. 4 um forgang.

Börn sem eiga systkini í umsóknarleikskóla njóta systkinatillits í viðkomandi leikskóla svo framarlega sem þeim börnum sem eru fyrir framan þau á biðlista býðst rými í öðrum þeim leikskóla sem forsjármenn setja til vara.

#### b) Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi leikskóla

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:45 til 16:30. Þó getur barn aldrei dvalið skemur en fjóra tíma.

Leikskólar eru lokaðir vegna skipulags- og námskeiðsdaga, leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Sjá leikskóladagatöl leikskólanna.

Leikskólar Árborgar eru lokaðir vegna sumarleyfa í fimm vikur á ári. Sjá leikskóladagatöl leikskólanna.

Leikskólar Árborgar eru lokaðir á aðfangadag og gamlársgang.

### 2. Skilyrði fyrir leikskóladvöl

Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að lögheimili þess (skv. þjóðskrá) og föst búseta sé í Sveitarfélaginu Árborg og að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við sveitarfélagið vegna leikskólagjalda.

Fjármálasviði sveitarfélagsins er heimilt að gera samkomulag við foreldra um eldri skuldir svo að yngra barn þeirra geti hafið leikskólagöngu, en í því felst m.a. að fjármálasviði er heimilt að segja upp leikskóladvöl yngra barns verði ekki staðið við samkomulag um greiðslu.

Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til leikskóladvalar í leikskólum Árborgar.

Foreldrar sem hyggjast flytja í Árborg geta sótt um leikskóladvöl fyrir barn sitt. Leikskólalássi er ekki úthlutað nema barnið eigi lögheimili í Árborg.

#### a) Umsókn um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags.

Leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili.

Fjölskyldur sem eiga lögheimili annars staðar á Íslandi en dvelja tímabundið á sérstökum ástæðum í Árborg geta sótt um leikskólaláss í Árborg. Í þeim tilfellum skal samþykki lögheimilissveitarfélags um að greiða Sveitarfélaginu Árborg hlut sveitarfélagsins í leikskólakostnaði liggja fyrir áður en leikskóladvöl hefst. Umsóknir skulu sendar á netfangið skolathjonusta@arborg.is og auk staðfestingar lögheimilissveitarfélags um samþykki greiðslu skal framvísa skólavottorði þar sem við á.

Fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sem dvelja tímabundið í Árborg við nám eða störf, geta sótt um tímabundið leikskólaláss. Í þeim tilfellum er úthlutun leikskólaláss háð því að aðstæður í leikskólum séu með þeim hætti að unnt sé að taka við börnum tímabundið.

Foreldrar barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis eða þau skráð utangarðs í þjóðskrá geta sótt um leikskólaláss í Sveitarfélaginu Árborg. Það er skilyrði að foreldrar og barn séu með fasta búsetu í Árborg, skv. skilgreiningu laga um lögheimili nr. 21/1990, og að gera megi ráð fyrir, að lögheimili þegar það er fengið, verði í Árborg. Umsókn um undanþágu skal að jafnaði senda á netfangið [skolathjonusta@arborg.is](mailto:skolathjonusta@arborg.is).

Farið er fram á staðfestingu um búsetu í Árborg með eftirfarandi gögnum:

- Ríkisborgarar EES og EFTA ríkja og útlendingar sem heimilt er að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, þurfa að leggja fram staðfestingu á beiðni um skráningu lögheimilis í Sveitarfélaginu Árborg.
- Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES eða EFTA samningnum og er óheimilt að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis, skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, þurfa að leggja fram staðfestingu á umsókn um dvalarleyfi og þarf að koma fram í umsókn að viðkomandi sé skráður með heimilisfang í Sveitarfélaginu Árborg.
- Hælisleitendur skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, þurfa að leggja fram skráningarskrirteini hælisleitanda frá Útlendingastofnun og þarf Útlendingastofnun að hafa gert samning við Sveitarfélagið Árborg um að framfærsla og húsnæði hælisleitanda verði í höndum Árborgar.
- Flóttamannahópar og flóttamenn, skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, sem fengið hafa dvalarleyfi og Útlendingastofnun hefur gert samning um þjónustu vegna þeirra við Árborg þurfa að leggja fram staðfestingu þessa efnis.

### 3. Flutningur milli leikskóla innan Árborgar

Foreldrar geta óskað eftir flutningi milli leikskóla. Sækja skal um á Mín Árborg sem er á heimasíðu sveitarfélagsins [www.arborg.is](http://www.arborg.is) eða í þjónustuveri Árborgar. Bent er á að nokkurn tíma getur tekið að fá pláss í nýjum leikskóla. Eftir að sótt er um flutning milli leikskóla fer barnið á biðlistann og er þá farið eftir innritunarreglunum, sjá lið 1a.

## 4. Forgangur að leikskóla

Sækja má um forgang að leikskólum Árborgar vegna:

- a) **Barna sem eru orðin 4-5 ára.**
- b) **Fatlaðra barna og barna með alvarleg þroskafrávik.**
  - i. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja umsókn.
- c) **Barna sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi.**
  - i. Barnaverndarmál. Vottorð frá félagsmálayfirvöldum skal fylgja umsókn.
  - ii. Alvarleg veikindi eða alvarleg fötlun hjá fjölskyldumeðlimum barnsins. Vottorð frá lækni eða öðrum opinberum aðilum skal fylgja umsókn.
  - iii. Börn foreldra undir lögaldri (18 ára).
  - iv. Börn einstæðra foreldra með þrjú eða fleiri börn á framfæri enda sé elsta barnið ekki eldra en 9 ára.
  - v. Þrífurur.

Sótt er um forgang í leikskólaumsókn í Mín Árborg.

## 5. Úthlutun leikskólaplássna, dvalarsamningur og uppsögn

Börn hefja að jafnaði leikskólagöngu á tímabilinu júní - september, en þá hætta þau börn sem hefja grunnskólagöngu að hausti. Úthlutun leikskólaplássna fer einkum fram á tímabilinu mars - júní og eru foreldrar hvattir til þess að sækja um fyrir lok febrúar ár hvert. Börnum er úthlutað leikskólaplássi eftir kennitölu, þeim elstu fyrst. Foreldrar fá rafræna staðfestingu þegar barn þeirra hefur fengið inngöngu í leikskóla og skulu þeir staðfesta að þeir þiggi leikskólaplássið innan tíu daga frá dagsetningu. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum innan tilskilins frests er barnið tekið af lista og öðru barni boðið plássið.

Leikskólastjóri tilkynnir foreldrum hvenær barnið getur hafið leikskólagöngu.

Áður en leikskóladvöl barns hefst gera viðkomandi leikskóli og foreldrar með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá leikskóla Árborgar og reglur um leikskóla í Árborg og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Uppsögn þarf að hafa borist fyrir 15. hvers mánaðar og miðað er við að uppsögn taki gildi 1. næsta mánaðar. Uppsögn dvalarsamnings skal í öllum tilfellum vera skrifleg og skilast til leikskólastjóra. Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi. Sækja skal um breytingar í Mín Árborg eða á sérstöku eyðublaði hjá leikskólastjóra í þeim leikskóla sem barnið dvelur í.

## 6. Gjaldtaka

Sveitarfélagið Árborg greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólunum. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum, svokallað námsgjald. Einnig greiða foreldrar hluta kostnaðar við þær máltíðir sem börnin fá í leikskólanum, svokallað fæðisgjald. Námsgjald og fæðisgjald nefnast einu nafni leikskólagjöld.

Fjárhæð námsgjalds, fæðisgjalds og systkinaafsláttar á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá Árborgar eins og hún er birt á heimasíðunni, [www.arborg.is](http://www.arborg.is).

Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu leikskólagjalda.

**Gjaldskráin er samþykkt af bæjarstjórn og getur breyst án fyrirvara.**

**Gjaldskrá fyrir námsgjald er tvískipt:**

- Gjaldflokkur I = Hjón og sambúðarfólk.

- Gjaldflokkur II = Hjón og sambúðarfólk þar sem bæði eru í námi og einstæðir foreldrar. Sjá nánar í gr. 6.a, 6.b, 6.c. og 6.d.

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og fjölskyldunúmer og barn á leikskóla.

Afsláttur samkvæmt þessum reglum er ekki veittur afturvirkur og miðast hann við þann dag sem gögnum er skilað til leikskólastjóra leikskóla barnsins og öllum skilyrðum fullnægt. Leiðrétting leikskólagjalda kemur til frádráttar leikskólagjöldum næsta mánaðar eftir að leiðrétting á sér stað.

Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði afsláttar.

Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

#### **a) Námsmannaafsláttur**

Afslátt af námsgjaldi fá hjón og sambúðarfólk sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Eru í háskólanámi og skráðir í fullt nám á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða. Nám sem tekið er gilt er það sama og nám sem lánshæft er hjá LÍN.
- Eru í framhaldsskóla og skráðir í fullt nám á önn. Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

Eignist hjón eða sambúðarfólk, er notið hafa námsmannaafsláttar, barn, geta þau sótt um að fá námsmannaafslátt á meðan fæðingarorlof stendur, þó að hámarki í 9 mánuði þrátt fyrir að annað foreldrið uppfylli ekki framangreind skilyrði um lágmarksfjölda eininga á önn enda fylgi umsókn staðfesting frá fæðingarorlofssjóði um að það foreldri sem ekki uppfyllir skilyrði námsmannaafsláttar sé í fæðingarorlofi.

Afsláttur reiknast frá 1. degi næsta mánaðar.

**Afsláttur er ekki veittur afturvirkur.**

#### **b) Afsláttur til einstæðra foreldra**

- Afsláttur er veittur að fenginni umsókn. Umsókn skal endurnýjuð árlega, fyrir 15. ágúst og afhent leikskólastjóra í viðkomandi leikskóla.
- Foreldri sem greiðir námsgjald sem einstætt foreldri þarf að vera skráður einstæður í þjóðskrá.
- Sveitarfélagið Árborg getur óskað eftir frekari staðfestingu á því að foreldrar séu einstæðir, s.s. að þeir undirriti staðfestingu þess efnis.
- Ef foreldrar skilja/slíta sambúð þarf að skila leikskólastjóra staðfestingu frá sýslumanni þess efnis. Afsláttur reiknast frá 1. degi næsta mánaðar.

**Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.**

**Afsláttur er ekki veittur afturvirkur.**

**c) Systkinaafsláttur**

Í Sveitarfélaginu Árborg er hægt að sækja um systkinaafslátt sem er veittur einungis af kennsluhluta en ekki af matargjaldi. Veittur er 50% afsláttur af öðru barni en 100% með þriðja barni. Afslátturinn kemur ávallt á elsta barnið.

**Afsláttur er ekki veittur afturvirk.**

**d) Veikindi barns**

Ef barn er fjarverandi í fjórar vikur samfelld eða lengur vegna veikinda geta foreldrar sótt um niðurfellingu fæðiskostnaðar en greiða ávallt leikskólagjaldið. Skila þarf læknisvottorði til leikskólastjóra sem staðfestir að barn hafi ekki getað sótt leikskóla.

**7. Innheimta leikskólagjalda, vanskil og uppsögn dvalarsamnings**

Unnt er að greiða leikskólagjöld með beingreiðslum eða fá senda greiðsluseðla. Leikskólagjöld eru innheimt fyrirfram. Ef greiðandi vill fá senda greiðsluseðla þarf hann að hafa samband við þjónustuver Árborgar, Austurvegi 2, sími 480-1900 og óska eftir að fá greiðsluseðla senda, að öðrum kosti birtist hann einungis í heimabanka. Ef greiðandi vill greiða með beingreiðslum þarf hann að hafa samband við viðskiptabanka sinn.

Gjalddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 20 dögum síðar.

Leikskólagjöld eru innheimt mánaðarlega fyrirfram. Leikskólagjöld eru þó ekki innheimt þann tíma sem leikskólinn er lokaður vegna sumarleyfis.

Ef barn fer í sumarleyfi á öðrum tíma en á sumarleyfistíma leikskóla falla leikskólagjöld ekki niður.

Foreldrar þurfa að segja upp dvalarsamningi með þeim hætti sem fram kemur í 5. gr.

**a) Innheimtuferill vegna vanskila**

Séu leikskólagjöld ógreidd 10 dögum eftir eindaga fær greiðandi senda innheimtuviðvörðun frá banka. Hafi krafa ekki verið greidd 30 dögum eftir eindaga fær greiðandi sent milliinnheimtubríf frá banka.

Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstól kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

**b) Uppsögn leikskóladvalar og verklagsreglur vegna vanskila foreldra.**

Sveitarfélagið Árborg áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna foreldra hafi greiðsla ekki borist 110 dögum frá gjalddaga. Uppsögn miðast við mánaðamót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

Sveitarfélagið Árborg áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna séu foreldrar þeirra í vanskilum vegna leikskólagjalda. Gildir þá einu þó að skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns uppfylli krafan framangreint skilyrði, þ.e. sé eldri en 110 daga eða ekki hefur verið staðið við greiðslusamkomulag.

Skv. verklagsreglum vegna vanskila foreldra varðandi þjónustu við börn er hægt að fá uppsögn frestað að nánari skilyrðum uppfylltum. Starfsfólk sveitarfélagsins leiðbeinir foreldrum um að leita úrlausna á fjármálasviði Árborgar, sjá nánar í verklagsreglum vegna vanskila foreldra varðandi þjónustu við börn.

Komi til þess að barn sem hafið hefur leikskólagöngu nýti ekki leikskólaláss í tvo mánuði er heimilt að segja upp dvalarsamningi barnsins. Uppsögn miðast við 1. hvers mánaðar og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

## **8. Lagareglur og kæruleiðir**

Leikskólar Árborgar starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Ákvarðanir Árborgar um rétt einstakra barna til aðgangs að skóla og um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar er hægt að kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008. Ákvarðanir um gjalddöku fyrir barn á leikskóla er hægt að kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Aðila máls er heimilt að kæra til innanríkisráðuneytis ákvarðanir Árborgar er kveða á um rétt eða skyldu manna sem lúta eftirliti ráðuneytisins, sbr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

## **9. Gildistaka**

Reglur þessar taka gildi 1. mars 2019.

Samþykkt á 9. fundi bæjarstjórnar Árborgar 27. febrúar 2019